

19. fundur samfélagsnefndar, 13. nóv 2019, haldinn í Végarði.

Mættir: Þórhallur Jóhannsson, Ásdís Helga Bjarnadóttir og Arna Björg Bjarnadóttir komu inn á Sveitastjórnarfund Fljótsdalshrepps. Þar voru fyrir Gunnþórunn Ingólfadóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kerúlfr og Kristinn Bjarnason lögfræðingur.

Ásdís Helga kynnti hugmyndir samfélagsnefndar að öflugum framfarasjóði til að efla byggð, samfélag og atvinnu í Fljótsdalshreppi. Lagt er að líftími sjóðsins sé a.m.k. til ársins 2026. Rætt var um tvenns konar sjóðafyrirkomulag:

- 1) Að stofna sjóð að fyrirmynd Brothættra byggða eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal. Auk þess að stofna stærri framfarasjóð.
- 2) Að stofna einn stóran framfarasjóð þar sem hægt er að sækja um styrki til smærri og stærri verkefna. Að ýmsu er að hyggja við stofnun slíks sjóðs. Athuga þarf lagalegan grundvöll, upphæð sem leggja má til sjóðsins úr sveitarsjóði o.fl. Tryggja verður fagmennsku sjóðsins með því að fá utanaðkomandi fagaðila til þess að afgreiða umsóknir.

Samfélagsnefndin telur vænlegra og einfaldara að fara leið 2.

Samfélagsnefndin leggur til að sveitarstjórn hafi eftirfarandi í huga þegar upphæð til sjóðsins verður ákveðin, auk lagalegra þátta:

1. Áður en farið er að ræða fjármagn í sjóðinn er lagt til að eftirfarandi spurningum sé svarað:
  - Hvað ætlar sveitarfélagið að leggja fram mikið fé inn í sameinað sveitarfélag 2022?
  - Hvað þarf hreppurinn alls mikið fjármagn á ári til
    - a) að sinna lögbundnum skyldum sínum,
    - b) öðrum verkefnum sem hann hefur ákveðið eða mun núna ákveða að sinna til ársins 2022. Mikilvægt að slíkar ákvarðanir og stefna liggi fyrir m.t.t. sameiningar 2022.
    - c) óvæntum kostnaði.

Þegar þessir þrjú liðir hafa verið lagðir saman liggur fyrir hversu mikið fjármagn er eftir. Í framhaldi þarf sveitarfélagið að taka ákvörðun um hvort ónotað fjármagn skuli leggja inn í sameinað sveitarfélag eða setja það í öflugan framfarasjóð.

Samfélagsnefndin lagði til að fá lögfræðing sveitarfélagsins til að kanna hvaða heimildir sveitarfélagið hefur, hvenær og hvaða lagalega umgjörð væri heppilegust til að stofna framfarasjóð.

Samfélagsnefndin hafði lokið máli sínu 15:30 og gengu Arna, Ásdís og Þórhallur út af fundinum.

Fundargerð rituðu Þórhallur Jóhannsson og Arna Björg Bjarnadóttir.